

Ársskýrsla 2008

Viðtöl

Einstaklingsviðtölum fjölgaði um 94% frá fyrra ári og hefur aldrei verið svo mikil aukning milli ára. Árið 2007 voru viðtölin alls 147 en árið 2008 voru þau 285. Þar af voru 274 viðtöl við þolendur kynferðisofbeldis og 11 við aðstandendur. Hvert viðtal er áætlað um 1 klst.

Nýir einstaklingar voru alls 94:

- Konur 78
- Karlmenn 5
- Aðstandendur 11

Sýnileiki félagsins og starfskvemma eykst með hverju árinu. Þess vegna hefur það færst í aukana að fólk nálgist starfskonur Aflsins á förnum vegi til að forvitnast um starfsemi félagsins og þá valkosti sem það eða þeirra nánustu hafa til að vinna úr sínum málum.

Símtöl

Síminn er opinn allan sólarhringinn og skiptu símtölin hundruðum. Erfitt er að halda nákvæma skrá yfir öll símtöl þar sem margir hringja oft en einu sinni. Símtöl bárust fá öllu landinu.

Námskeið

3 stjórnarkonur Aflsins fóru á námskeið hjá Blátt áfram sem hét Verndarar barna. Þar fór fram forvarnarþjálfun gegn kynferðisofbeldi á börnum. Einnig fór ein stjórnarkona á námskeið hjá Stígamótum.

Sjálfs hjálparhópar

Snemma á árinu fóru af stað 3 hópar og síðan 4 hópar á haustmánuðum vegna mikillar eftirspurnar. Venjan er að 6 til 8 konur séu í hverjum hóp. Hver hópur fer yfir 17 atriði sem tengjast afleiðingum kynferðis- og/eða heimilisofbeldis. Hópurinn hittist 13-15 sinnum í 4-5 klst. í senn.

Styrktartónleikar

Styrktartónleikar voru haldnir í september. Ágætlega tókst að fá hljómsveitir og skemmtikrafta til liðs við okkur. Fleiri gestir komu en árið áður og voru því starfskonur félagsins ánægðar með árangurinn. Takmark tónleikanna var að koma nafni félagsins út í þjóðfélagið og auka vitund fólks og það fannst okkur takast.

Húsnæði

Aflið er til húsa að Brekkugötu 34 á Akureyri og er þar með aðstöðu í húsi Lautarinnar. Starfskonur Aflsins hafa bætt aðstöðuna til muna frá 2007 í samvinnu við starfsfólk Lautarinnar. Nú er mun betri aðstaða fyrir einkaviðtöl og sjálfshjálparhópa. Aðstaðan í Brekkugötunni er á vegum Akureyrarbæjar og er Aflinu að kostnaðarlausu.

Starfsmaður

Langþráður draumur varð að veruleika á haustmánuðum þegar starfsmaður var ráðinn til félagsins. Hlutverk hans er að sjá um styrkumsóknir og vera upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúi félagsins.

Verslunarmannahelgin

Um verslunarmannahelgina var Aflið með sólarhringsvaktir eins og fyrri ár. Tveir til þrjár starfsmenn voru á vakt í senn frá hádegi á föstudegi til hádegis á mánudegi. Alls voru það 11 konur sem tóku þátt í starfi Aflsins þessa helgi. Akureyrarbær greiddi fyrir hönd Einnar með öllu til Aflsins þann kostnað sem varð til vegna starfsmanna. Aðstaða fyrir viðtöl og gistingu var í húsnæði Aflsins í Brekkugötu 34. Þessa helgi leituðu 2 einstaklingar til Aflsins. Margar fyrirspurnir bárust vegna eldri mála. Svo virðist sem sýnileiki starfsvenna Aflsins auðveldi fólki að nálgast þær með eldri mál.

Forvarnir, fræðsla og kynningarstarf

Mikil fyrirlestratörn fór af stað snemma á árinu í samstarfi við Hjálmar Sigmarsson sérfræðing hjá Jafnréttisstofu og félaga í karlahópi Femínistafélags Íslands; NEI hópnum. Undirbúningur hafði staðið frá árinu 2007 og var þá stefnan sett á grunn- og framhaldsskóla Akureyrar. Farið var í Menntaskólann á Akureyri, Brekkuskóla, Síðuskóla, Glerárskóla, Lundarskóla og Oddeyrarskóla. Einnig var farið í grunn- og framhaldsskóla Húsavíkur.

Einnig voru fyrirlestrar haldnir í Símei, Menntasmiðjunni, fyrir Fagfélag félagsfræðinga á Norðurlandi, Barnaverndarráð, starfsfólk og stjórn Heilsugæslunnar á Akureyri, Zontaklúbba Akureyrar og tveir fyrirlestrar voru haldnir í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Stjórn Aflsins var boðið í sjónvarpsþátt Kolfinnu og Ásdísar á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þar var starfsemi Aflsins kynnt og miklar umræður spunnust í kringum málefnið í þættinum. Sterk og mikil viðbrögð urðu í formi hringinga og tölvupósta til Aflsins og leituðu margir þolendur til félagsins eftir að hafa séð þáttinn.

Félagið fékk nýja heimasíðu sem er aflidak.is sem auðveldar fólki að nálgast upplýsingar um félagið.

Fjármál

Ríkissjóður Íslands setti Aflið á fjárlög 2008 sem tryggði félaginu 2 milljónir í styrk það árið. Þetta var algjör vendipunktur fyrir félagið þar sem loksins var hægt að greiða fyrir vinnu starfskvenna, ráða starfsmann og þar með auka til muna þjónustuna sem stendur þolendum og aðstandendum þeirra til boða.

Landsbankinn tók Aflið inn í verkefnið „Leggðu góðu málefni lið“ þar sem notendur einkabanka Landsbankans geta valið á milli um 90 félaga til að styrkja. Notandinn velur sjálfur upphæðina og hversu oft hann styrkir.

Styrkir ársins 2008 voru 19 talsins alls kr. 4.092.000.

Tekjur ársins voru kr. 4.325.836 og gjöld kr. 4.206.914.

Inneign í lok árs var því kr. 118.922.

Styrkir			
Akureyrarbær	250.000		
Dalvíkurbyggð	30.000		
Eining-Iðja	50.000		
Fjallabyggð	25.000		
Grýtubakkahreppur	15.000		
Norðurþing	30.000		
Ríkissjóður Íslands	2.000.000		
Sjóvá	60.000		
Styrkir einstaklinga	207.000		
Sveitarfélagið Skagafjörður	100.000		
Verkalýðsfélag Þórshafnar	25.000		
Zontaklúbbur Akureyrar	100.000		
Zontasamband Íslands	1.000.000		
Alls	3.892.000		
Styrkir ætlaðir sérstökum verkefnum			
Akureyrarbær-verslunarmannahelgi	200.000		
Alls	200.000		
Styrkir alls	Styrkir alls		4.092.000
		Gjöld	Tekjur
Fært frá fyrra ári			80.227
Styrkir alls			4.092.000
Fjármagnstekjuskattur/Innvextir		7.211	72.167
Sími		63.611	

Auglýsingar		100.425	
Skrifstofa o.fl.		87.459	
Bæklingagerð		56.064	
Sjálfs hjálparhópar		1.092.234	
Kynningarstarf		161.640	
Styrktartónleikar		72.860	81.442
Verslunarmannahelgin		202.189	
Einkaviðtöl		519.000	
Verktakalaun		1.500.000	
Laun starfsmanns		251.750	
Launatengd gjöld		44.277	
Námskeið		46.960	
Bankakostnaður		1.234	
	Alls	4.206.914	4.325.836

Uppgjör ársins

Árið 2008 var mjög annasamt fyrir Aflskonur. Aldrei hafa fleiri sótt í þjónustu félagsins eins og þetta ár. 32% aukning var í komum nýrra einstaklinga, 94% aukning í einkaviðtölum en sjálfs hjálparhópar voru 7 eins og árið áður og stóðu því í stað.

Öll þjónusta við þolendur kynferðis- og/eða heimilisofbeldis og aðstandendur þeirra er þeim að kostnaðarlausu og skiptir það því miklu máli að félagið naut góðvildar sveitarfélaga, ríkisins, einstaklinga og fyrirtækja sem styrktu félagið rausnarlega. Tókst að veita öllum þeim þjónustu sem óskuðu.

Stjórn Aflsins

Stjórn Aflsins skipa eftirfarandi konur:

- Anna María Hjálmarsdóttir - formaður
- Sæunn Guðmundsdóttir - formaður
- Sara Hlín Jónsdóttir - gjaldkeri
- Viktoría Jóhannsdóttir - meðstjórnandi
- Steinunn B. Hreiðarsdóttir - meðstjórnandi
- Jóhanna Guðný Þorsteinsdóttir - meðstjórnandi
- Hannesína Scheving - tengiliður við neyðarmóttöku SA